

## Mál nr. 2/2011

### Höttur gegn KF

#### Kæra Hattar

#### Dómkröfur

Kröfur eru gerðar að leikur K.F. – Höttur í 4.fl.kk. sem átti sér stað 19.06.2011 verði dæmdur Hetti 0-3 sigur, vegna brota á lögum um ólöglega leikmenn.

#### Málavextir

Leikur K.F. – Höttur í 4.fl.kk. sem átti sér stað 19.06.201, þar sem K.F. notar 3 ólöglega leikmenn sem eru skráðir í önnur lið.

Þeir eru Daniel Hjaltason K.A. knt 121199-3009., Bjarni Sindri Bjarnason Fjölnir knt. 260499-2389. Hjörtur Þór Logason Stjarnan knt. 290697-2209.

#### Tilvísun

Samkvæmt reglugerðum um Knattspyrnumót er málið byggt á greinum 3, 17 og 40

#### Röksemdir

Lið K.F. mætir til leiks með 3 ólöglega leikmenn, leikmönnum sem eru skráðir í önnur lið.

#### Sönnunargögn

Leiksskýrsla af vef K.S.Í. sem er inná séraðgerðum.

Því miður fékk aðkomu liðið ekki afrit af leiksskýslu afhenta eftir leik.

Ljósritið er í viðhenginu.

#### Vitni

Nafn: Guðgeir Einarsson

Kennitala: 290697-2209

Heimilisfang: Brekkusel 3, 700 Egilsstöðum

Nafn: Patrekur H. Búason

Kennitala: 040499-2299

Heimilisfang: Tjarnabraut 21, 700 Egilsstaðir

Undirskrift:

Búi Vilhjálmur Guðjónsson

## **Greinargerð KF**

Vegna Hjörtur Logi Logason kt:2906972209 vorum við búin að senda fyrir löngu síðan á Stjórnuna með félagsskipti á honum þar sem hann er fluttur hingað í Fjallabyggð en þeir hafa ekki sent það til KSÍ og við ekki tekið eftir því.

Með hina tvo héldum við að þar sem þeir eru í 5 flokki og það er ekki skilað inn skýrslu vegna 5 flokks þess vegna töldum við að það væri í lagi og þeir ekki bundnir einhverju félagi. Og þeir eru staddir hér í Ólafsfirði hjá Ömmu sinni og Afa í heimsókn og æfa með KF eitthvað í sumar, og þeir koma alltaf til Ólafsfjarðar á sumrin og hafa keppt með okkur.

Kveðja

Hlynur Guðmundsson

Framkvæmdarstjóri KF

## **Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ**

Ár 2011, þriðjudaginn 5. júlí er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Helga Magnússyni og Sigurði Guðmundssyni

### **Fyrir er tekið málið nr. 2 /2011:**

Knattspyrnudeild Hattar Egilsstöðum  
gegn  
K.F.

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

## **ÚRSKURÐUR:**

I.

### **Kærandi:**

Knattspyrnudeildar Hattar, kt. 420786-1159, Skógarlöndum, Egilsstöðum, hér eftir nefnt Höttur

**Kærði:** Nafn: K.F.kt. 700169-3839, Ægigötu 15, Fjallabyggð

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ innan kærufrests þann 21. júní sl. með símbrefi og með pósti sem barst daginn eftir. Dómari ákvað flýtinmeðferð málsins í samræmi við grein 7.6. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Var kærða því gefinn kostur á að skila geinargerð innan sólarhrings og barst hún skrifstofu KSÍ þann 22. júní s.l.

### **Kröfur:**

Kærandi gerir þær dómkröfur að leikur K.F. – Höttur í 4.flokki karla sem fram fór þann 19.06.2011 verði dæmdur Hetti 0-3 sigur, vegna brota á lögum um ólöglega leikmenn

Hið kærða félag viðurkennir að framangreindir 3 leikmenn eru ekki skráðir í K.F.

## II.

### Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málsatvikum þannig:

„Leikur K.F. – Höttur í 4.fl.kk. sem átti sér stað 19.06.201, þar sem K.F. notar 3 ólöglega leikmenn sem eru skráðir í önnur lið.

Þeir eru Daniel Hjaltason K.A. knt 121199-3009., Bjarni Sindri Bjarnason Fjölnir knt. 260499-2389. Hjörtur Þór Logason Stjarnan knt. 290697-2209.

Samkvæmt reglugerðum um Knattspyrnumót er málið byggt á greinum 3, 17 og 40.

Lið K.F. mætir til leiks með 3 ólöglega leikmenn, leikmönnum sem eru skráðir í önnur lið.“

Kærandi vísar jafnframt til leikskýrslu, en ljósrit af henni er lagt fram í málinu sem sönnunargagn.

Að lokum er bent á tvö vitni sem geta staðfest málsatvik en það eru:

Guðgeir Einarsson

Kennitala: 290697-2209

Heimilisfang: Brekkusel 3, 700 Egilsstöðum

og

Patrekur H. Búason

Kennitala: 040499-2299

Heimilisfang: Tjarnabraut 21, 700 Egilsstaðir

## III

Hið kærða félag lagði fram greinargerð þar sem eftirfarandi kom fram orðrétt:

„Vegna Hjörtur Logi Logason kt:2906972209 vorum við búin að senda fyrir löngu síðan á Stjórnuna með félagsskipti á honum þar sem hann er fluttur hingað í Fjallabyggð en þeir hafa ekki sent það til KSÍ og við ekki tekið eftir því.

Með hina tvo héldum við að þar sem þeir eru í 5 flokki og það er ekki skilað inn skýrslu vegna 5 flokks þess vegna töldum við að það væri í lagi og þeir ekki bundnir einhverju félagi.

Og þeir eru staddir hér í Ólafsfirði hjá Ömmu sinni og Afa í heimsókn og æfa með KF eitthvað í sumar,og þeir koma alltaf til Ólafsfjarðar á sumrin og hafa keppt með okkur.“

#### IV.

##### **Niðurstaða:**

Í máli þessu er því haldið fram af kæranda að hið kærða félag hafi notað 3 ólöglega leikmenn í leik K.F. gegn Hetti í 4. flokki karla sem fram fór þann 19. júní 2011. Þetta voru leikmennirnir Daniel Hjaltason skráður í K.A. kt 121199-3009, Bjarni Sindri Bjarnason skráður í Fjölni kt. 260499-2389 og Hjörtur Þór Logason skráður í Stjörnuna, kt. 290697-2209.

Eins og fram kemur í greinargerð hins kærða félags Knattspyrnufélags Fjallabyggðar (K.F.) er fallist á það að framangreindir leikmenn voru ekki skráðir í K.F. þegar umræddur leikur fór fram. Af því leiðir að framangreindir 3 leikmenn hafa þá ekki verið hlutgengir með liði K.F.

Með vísan til ofanritaðs er því fallist á dómkröfur kæranda, Hattar, í máli þessu og í samræmi við ákvæði í grein 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er leikur K.F. og Hattar sem fram fór á Íslandsmóti í 4. flokki karla þann 19. júní dæmdur tapður K.F. með markatölunni 0-3.

Í sömu tilvitnuðu grein og getur hér að ofan í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót kemur einnig fram að lið sem mætir ólöglega skipað til leiks skuli sæta sekt. Að mati dómsins þykir rétt að sú sekt verði kr.10.000.-

#### V.

##### **Úrskurðarorð:**

Leikur K.F. og Hattar sem fram fór á Íslandsmóti í 4. flokki karla þann 19. júní skal dæmdur tapður K.F. með markatölunni 0-3.

K.F. ber að greiða kr 10.000.- í sekt til KSÍ.

---

Gunnar Guðmundsson

---

Helgi Magnússon

---

Sigurður Guðmundsson

##### **Um áfrýjun:**

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.